

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980, bætist nýr töluliður, 7. töluliður, svohljóðandi:

7. Fyrir háttsemi, sem greinir í alþjóðasamningi um varnir gegn töku gísla sem lagður var fram til undirritunar 18. desember 1979. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfðað eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.